

Ályktarorð:

Framangreindum kröfum ákærða, Helga Benediktssonar, verður ekki sinnt.

Verjandi ákærða, hrl. Sigurður Ólason, greiði 500 króna sekt í ríkissjóð, og komi 4 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá lögbirtingu úrskurðar þessa. Svo skulu og framangreind ummæli vera dauð og ómerk.

Miðvikudaginn 28. janúar 1953.

Nr. 51/1951. **Þorvaldur Guðjónsson f. h. eigenda**
v/s Leós II V.E. 36 (Gústaf A. Sveinsson)
 gegn

Gunnari Guðjónssyni f. h. eigenda
e/s Carolia (Sveinbjörn Jónsson)

og

Sveini Benediktssyni f. h. Síldarverksmiðja
ríkisins, eiganda farms ofangreinds skips,
 (Einar B. Guðmundsson)
og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bjarglaun. Fyrning sjóveðskröfu.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. apríl 1951, gerir þessar dómkröfur:

1. Að staðfest verði kyrrsetningargerð í e/s Carolia frá Ystad, er fram fór 19. ágúst 1947.

2. Að gagnáfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum 80.000 sænskar krónur með 6% ársvöxtum frá kyrrsetningardegi til greiðsludags.

3. Að gagnáfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum málskostnað að skaðlausu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti og

4. Að viðurkenndur verði sjóveðréttur í e/s Carolia til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar af sinni

hálfu með stefnu 7. júní 1951. Krefjast eigendur e/s Carolia þess aðallega, að dæmd fjárhæð verði lækkuð og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti að mati Hæstaréttar. Til vara krefjast þeir staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti að mati dómsins. Af hálfu farmeiganda er aðallega krafizt algerrar sýknu, en til vara, að honum verði einungis gert að greiða aðaláfrýjanda smávægilega þóknun. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir báðum dómum að mati Hæstaréttar.

Krafa aðaláfrýjanda um björgunarlaun af farmi þeim, sem var í e/s Carolia, kom ekki fram fyrr en í stefnu á hendur farmeiganda 16. marz 1951. Var sú krafa þá fyrnd samkvæmt 4. tölulið 251. gr. laga nr. 56/1914. Verða því ekki dæmd björgunarlaun af farmi skipsins, og Síldarverksmiðjur ríkisins því sýknaðar af kröfu aðaláfrýjanda.

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að fallast á það, að hjálp sú, er v/s Leó II veitti e/s Carolia dagana 6.—8. ágúst 1947, hafi verið björgun. Ennfremur ber að fallast á, að rétt sé með skírskotun til 1. mgr. 232. gr. laga nr. 56/1914 að ógilda björgunarsamning þann, sem skipstjórinn á e/s Carolia gerði við skipstjórnann á v/s Leó II, að því er varðar fjárhæð björgunarlauna, þar sem hana ber að telja ósanngjarna. Hins vegar leiðir ekki af þessu, að ógilda beri ákvæði samningsins um, að björgunarlaunin ákveðist í sænskum krónum, og brestur rök til að hnekkja því atriði björgunarsamningsins.

Pegar lítið er annars vegar til þess, sem rakið er í héraðsdómi um töf v/s Leós II frá síldveiðum og um fyrirhöfn skipverja á því skipi, svo og til hættu þeirrar, sem e/s Carolia var stödd í, og verðmætis skipsins, er telja ber 515 þúsund íslenskar krónur samkvæmt yfirmati, en hins vegar til þess, að hætta sú, er samfara var björgunarstarfinu, verður ekki talin sérstaklega mikil, þykja björgunarlaun hæfilega ákveðin 30.000.00 sænskar krónur. Ber því að dæma eigendur e/s Carolia til þess að greiða aðaláfrýjanda þessa fjárhæð ásamt vöxtum, eins og í héraðsdómi segir.

Fallast ber á ákvæði héraðsdóms um staðfestingu löghaldsgerðar þeirrar, er fram fór í e/s Carolia 19. ágúst 1947.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma eigendur e/s Carolia til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals kr. 10.000.00. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Aðaláfrýjandi á sjóveðrétt í e/s Carolia fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi Síldarverksmiðjur ríkisins á að vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Þorvalds Guðjónssonar f. h. eigenda v/s Leós II, V.E. 36, í máli þessu. Málskostnaður, að því er þessa aðilja varðar, fellur niður.

Framangreind löghaldsgerð staðfestist.

Gagnáfrýjandi Gunnar Guðjónsson f. h. eigenda e/s Carolia greiði aðaláfrýjanda sænskar krónur 30.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 19. ágúst 1947 til greiðsludags og íslenskar krónur 10.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Á aðaláfrýjandi sjóveðrétt í e/s Carolia fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 3. apríl 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. f. m., hefur Þorvaldur Guðjónsson, skipstjóri í Vestmannaeyjum, f. h. eigenda v/s Leós II, V.E. 36, höfðað fyrir sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 26. ágúst 1947, gegn Gunnari Guðjónssyni skipamiðlara, hér í bæ, f. h. eigenda e/s Carolia frá Ystad í Svíþjóð til greiðslu björgunarlauna, staðfestingar á löghaldsgerð, er fram hafði farið í skipinu, og viðurkenningar á sjóveðrétti í því til tryggingar dómkröfunum. Þá tilkynnti stefnandi Carli Finsen framkvæmdastjóra f. h. Trolle & Rothe h.f., hér í bænum, vegna váttryggjenda e/s Carolia um málshöfðunina.

Með framhaldsstefnu, útgefinni 25. september 1947, stefndi stefnandi Sveini Benediktssyni framkvæmdastjóra, hér í bæ, f. h. Síldarverksmiðja ríkisins, eiganda farmsins í e/s Carolia til réttargæzlu svo og Einari Péturssyni stórkaupmanni, hér í bænum, vegna The Liverpool & London & Globe Insurance Company, Ltd., váttryggjenda farmsins.

Með stefnu, útgefinni 16. september 1948, gekk Theódór Lindal hrl., hér í bæ, inn í málið f. h. Karls Johans Pettersons, Folke Steinars og Niels Steinars, allra til heimilis í Öckerö í Svíþjóð, en menn þessir töldu sig eigendur v/s Leós II, og krafðist þess, að málinu yrði vísað frá dómi eða það hafið. Í þinghaldi 9. þ. m. var meðalgöngusökin hafin, en aðalstefnandi skyldi framvegis reka málið vegna allra eigenda v/s Leós II.

Með framhaldsstefnu, útgefinni 16. f. m., hefur aðalstefnandi vegna allra eigenda v/s Leós II, V.E. 36, endanlega gert eftirgreindar dómkröfur.

1. Að staðfest verði löghaldsgerð, er fram fór í e/s Carolia hinn 19. ágúst 1947 til tryggingar kröfum stefnenda.
2. Að stefndu, Gunnar Guðjónsson f. h. eigenda e/s Carolia og Sveinn Benediktsson f. h. Sildarverksmiðja ríkisins, eiganda farms í skipinu, verði dæmdir til að greiða stefnendum, eigendum v/s Leós II, sænskar kr. 80.000 auk 6% ársvaxta frá kyrrsetningardegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.
3. Að viðurkenndur verði sjóveðréttur stefnenda í e/s Carolia til tryggingar dómkröfunum.

Þá tilkynntu stefnendur áðurgreindum váttryggjendum skips og farms málshöfðunina, en gerðu engar kröfur á hendur þeim, og ekki hafa váttryggjendur gert sjálfstæðar kröfur í málinu.

Stefndu hafa samþykkt framangreinda málsmeðferð og kröfugerð stefnenda, en mótmælt kröfum þeirra. Hefur lögmaður eigenda e/s Carolia krafizt þess, að hin umstefnda fjárhæð verði lækkuð eftir mati dómsins og honum dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi stefnenda, einnig eftir mati dómsins. Þá krefst hann þess, að björgunarsamningur sá, sem síðar verður greint frá, verði metinn ógildur og þóknunin til stefnenda verði tiltekin í islenzkum krónum. Hins vegar hefur lögmaður farmeigenda aðallega krafizt sýknu af kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra eftir mati dómsins. Til vara hefur hann krafizt þess, að stefnendum verði aðeins dæmd smávægileg þóknun fyrir aðstoð og málskostnaður verði látinn falla niður.

Eftir gögnum málsins virðast málavextir þessir:

Samkvæmt útdrætti úr dagbók e/s Carolia hélt skipið þriðjudaginn 5. ágúst 1947 kl. 19.45 frá Raufarhöfn áleiðis til Skagastrandar með saltfarm. Kl. 11.43 miðvikudaginn 6. ágúst hafði skipið Skagatá í réttvísandi S 25° í um 3 sjómílna fjarlægð. Siglt var í stefnu réttvísandi S 65° V. Skipstjóri e/s Carolia, sem annaðist stjórn skipsins til kl. 12.30, fól þá I. stýrimanni stjórnina, og hafði skipið þá siglt um 6 sjómílnur síðan kl. 11.43. Eftir um einnar sjómílu siglingu sást Kálfshamarsviti og Rífsnes kl. 12.38. Er skipið hafði siglt eina sjómílu til viðbótar í sömu stefnu og áður, var stefnu þess breytt kl. 12.45 í réttvísandi S 30° V. Síðan var siglt í þá stefnu til kl. 13.00, en þá strandaði skipið á Skallarífi. Er rif þetta með stórgerðum sléttum klöppum og liggur út frá Rífsnesi í réttvísandi vest- norðvestlæga átt. Rífið er óskipgengt allt að tvær sjómílnur frá stórstraumsfjörumáli.

Aðiljana greinir á um það, við hvaða tíma sé miðað í dagbók e/s Carolia.

hvort það hafi verið sænskur tími, íslenskur meðaltími eða íslenskur sumartími. En þar sem skipið var í siglingu milli íslenskra hafna í umrætt skipti, verður að teljast sennilegast, að á skipinu hafi verið farið eftir íslenskum sumartíma. Samkvæmt íslenska sjómannaalmanakinu frá 1947 var árdegisflæði á Skagaströnd hinn 6. ágúst kl. 12.33 eftir íslenskum sumartíma. Þar strandið því að með háum sjó.

Þegar e/s Carolia strandaði, var veður hið bezta og sjólaust, og samkvæmt vottorðum Veðurstofunnar í Reykjavík var veður gott á Hrauni á Skaga dagana 6.—12. ágúst 1947 að báðum dögum meðtöldum. Þá mun hafa verið sjólaust þessa daga á strandstaðnum.

Þegar skipið hafði strandað, var vél þess stöðvuð og mælt vatnshæð í geymum, rennusteinum og stafnhylki skipsins, en ekki varð vart við neinn leka. Þá voru og gerðar dýptarmælingar umhverfis skipið og reyndist dýpið að framan 11 fet, miðskips 9 fet og að aftan 14 fet.

Undir kvöld hinn 6. ágúst kom v/s Leó II V.E. 36, sem á þeim tíma stundaði sildveiðar fyrir Norðurlandi, á vettvang. Var Þorvaldur Guðjónsson frá Vestmannaeyjum skipstjóri skipsins, sem er 73 brúttósmálestir að stærð. Var á skipinu 16 manna áhöfn alls og hafði það tvo herpinótabáta. Höfðu skip verið beðin að koma e/s Carolia til hjálpar um símostöðina á Skagaströnd. Bauð skipstjóri Leós fram aðstoð sína og var boðið þegið „þar eð skipið var mjög illa statt og enga hjálp var að fá“, eftir því sem segir í dagbók e/s Carolia. Gerðu skipstjórar e/s Carolia og v/s Leós með sér björgunarsamning. Er hann dagsettur 6. ágúst og segir í honum, að hann sé gerður í e/s Carolia, og hefur því ekki verið hnekkt. Meðal annars var ákveðið í samningnum, að komist e/s Carolia af grunni, þegar nokkrum hluta farmsins hafi verið mokað útbyrðis með aðstoð v/s Leós og áhafnar skipsins, skuli greiða eigendum Leós sænskar kr. 80.000.00. Kæmist e/s Carolia hins vegar ekki á flot, skyldi greiða helming þeirrar fjárhæðar eða sænskar kr. 40.000.00. Er þess getið í samningnum, að skipstjóri v/s Leós áætli aflatjón skipsins vegna tafar þess frá sildveiðum 40—50 þúsund íslenskar krónur og í athugasemd, sem skráð er á samninginn segir, að þessi fjárhæð sé minnsta aflatjón Leós á dag.

Í dagbók e/s Carolia segir, að þegar skipið var strandað, hafi akkeri verið lagt aftur af skipinu og bæði stafnakkerin flutt aftur á, til þess að akkerin öll væru til taks á næsta flóði, því að ákveðið hafði verið að reyna þá að ná skipinu út með átökum vélarinnar og akkeranna. Í skýrslu skipstjóra Leós segir hins vegar, að varpakkeri e/s Carolia hafi verið flutt með öðrum herpinótabát Leós aftur af skipinu, til að koma í veg fyrir að því slægi flötu, en það hafi ekki fengið hald. Þá hafi hann látið flytja bæði bógakkeri Carolia aftur með og út frá skipinu. Verður að telja skýrslu skipstjóra Leós um þetta atriði sennilega, þar sem e/s Carolia var strandað, og ekki verður séð, að það hafi sett bát á flot, er flutt gæti akkerin frá skipinu. Á kvöldflóðinu aðfaranótt 7. ágúst var tekið í akkerin með vindum og samtímis var vél e/s Carolia látin ganga með fullri ferð aftur á bak, en þetta dugði ekki.

Skipstjóri v/s Leós taldi strandstaðinn svo hættulegan, að hann þorði ekki að sigla skipinu svo nálægt e/s Carolia, að dráttartaug yrði komið á milli skipanna í því skyni að reyna að draga hið strandaða skip af grunni. Var því ákveðið að létta e/s Carolia, með því að losa af farmi skipsins í sjóinn. Hjálpuðust áhafnir beggja skipanna við að koma saltinu útbyrðis með þeim tækjum, sem þær höfðu yfir að ráða, og má ætla, að þær hafi unnið svo ósleitilega að þessu, sem við varð komið. Á hverju flóði var reynt að losa e/s Carolia af rifinu með vindum, akkerum og vélarafli skipsins. Meðan þessu fór fram, beið v/s Leó með nótabátum sínum á strandstaðnum, og voru nótabátarnir notaðir til þess að flytja skipverja Leós milli skipanna, eftir því sem með þurfti. Þá var um talstöð v/s Leós haft stöðugt samband við land og fregnað um veðurhorfur, en senditæki talstöðvar, sem var í e/s Carolia, voru í ólagi. Kl. 13.45 föstudaginn 8. ágúst losnaði e/s Carolia af rifinu með afli eigin vélar. Hafði þá verið sett í sjóinn af saltfarmi skipsins 407,5 smálestir. Er skipið var komið á flot, varð leka vart í stafnhylkinu. Hélt skipið síðan ferð sinni áfram til Skagastrandar, en hafði stýrimann frá v/s Leó innanborðs. Þá fylgdist v/s Leó með skipinu þangað. Komu skipin til Skagastrandar kl. 16.40, og lagðist e/s Carolia við akkeri á legunni. Kl. 21.15 var hafn-sögumaður fenginn um borð og síðan lagzt að bryggju. Við komuna til Skagastrandar var djúprista skipsins að framan 8'9", að aftan 10'8" og miðskips 9'8½". Samkvæmt framansöggðu hafa því liðið um 2 sólarhringar frá því v/s Leó kom á strandstaðinn og þar til e/s Carolia var komið að bryggju. Á Skagaströnd var affermt það, sem eftir var í skipinu af saltfarminum, og reyndist það 372,5 smálestir. Hinn 11. ágúst lét skipstjóri e/s Carolia kafara rannsaka skipið, en kafari gat ekki fundið neinar skemmdir á botni þess. Frá Skagaströnd hélt skipið til Siglufjarðar 13. ágúst og kom þangað um kvöldið. Hinn 19. ágúst var í fógetarétti Siglufjarðar lagt löghald á e/s Carolia til tryggingar björgunarlaunum samkvæmt áðurgreindum samningi að fjárhæð sænskum krónum 80.000.00 auk vaxta frá kyrrsetningardegi til greiðsludags, kostnaðar við gerðina, eftirfarandi staðfestingarmál, fjárnám og uppboð, ef til kæmi. Við lög-haldsgerðina viðurkenni skipstjóri e/s Carolia fyrrgreindan björgunar-samning og að framkomnar kröfur væru réttmætar.

Samkvæmt matsgerð, dags. 27. ágúst 1947, var e/s Carolia metin, þar sem skipið lá á Siglufjarðarhöfn, af dómkvöddum yfirmatsmönnum á ísl. kr. 515.000.00, en aðiljar eru sammála um að verðmæti saltsins, sem komst til Skagastrandar, hafi numið kr. 66.372.05.

Stefnendur reisa dómkröfur sínar í fyrsta lagi á því, að hér hafi verið um ótvíræða björgun að ræða. E/s Carolia hafi verið strönduð á hættulegum stað. Telja þeir, að hefði veður versnað eða sjó brimað, mundi skipið hafa liðast sundur og týnt með öllum fjárhlut. Hafi því verið nauðsynlegt að hraða því að létta skipið, til þess að losa það af grunni, þar sem, eins og á stóð, hafi ekki verið önnur úrræði til þess að ná skipinu á flot. Þetta hafi tekizt harla giftusamlega, því að skipinu sjálfu og nærri helmingi farmsins hafi orðið bjargað. Þá skírskota stefnendur jafn-

framt til björgunarsamningsins, sem þeir telja að ekki verði vefengdur eftir reglum 232. gr. siglingalaga nr. 56 frá 1914, þar eð skipstjóri e/s Carolia hafi staðfest samninginn, eftir að skipið var komið úr allri hættu, bæði á Skagaströnd, en þar hafi samningurinn fyrst verið skráður, enda þótt hann hafi verið gerður áður en björgun hófst, og síðar á Siglufirði við löghaldsgerðina, enda séu hin umsömdu björgunarlaun og allt of lág. Telja þeir virðingu yfirmatsmanna á skipinu óhæfilega lága og benda því til stuðnings á, að í yfirmatsgerðinni komi fram, að skipið hafi í maí 1947 verið keypt á £ 37500-0-0, en með þáverandi gengi hafi kaupverðið numið ísl. kr. 983.250.00. Verðmæti skipsins hafi því verið þetta að björgun lokinni, og hafi þá hin björguðu verðmæti numið samtals ísl. kr. 1049622.05, en hin umsömdu björgunarlaun nemi aðeins ca. 13,8% af þeirri fjárhæð. Loks séu í björgunarlauninum innifaldar bætur fyrir aflatjón og skemmdir á öðrum nótabátum, er stefnendur kveða, að hafi brotnað nokkuð við björgunina.

Lögmaður farmeiganda reisir sýknukröfuna á því, að honum hafi verið bakað stórtjón, þar sem meiri hluta farmsins hafi verið varpað fyrir borð. Að öðru leyti reisa stefndu kröfur sínar á sömu rökum. Í fyrsta lagi halda þeir því fram, að hin veitta hjálp hafi verið aðstoð, en ekki björgun. Þá hafi aðstoðin verið óheppileg og óeðlileg, þar sem hún hafi verið að mestu í því fólgin að varpa farmi í sjóinn, í stað þess að flytja a. m. k. eitthvað af honum yfir í v/s Leó eða önnur skip. Jafnframt telja þeir að ónýta beri björgunarsamninginn eftir ákvæðum 2. málsg. 232. gr. siglingalaganna. Krefjast þeir þess, að yfirmatsgerðin sé lögð til grundvallar um verðmæti skipsins að hjálpinni lokinni og mótmæla sem markleysu staðfestingum skipstjóra e/s Carolia á björgunarsamningnum eftir á, þar sem ekki falli undir valdsvið skipstjóra að semja um björgunarlaun, eftir að björgun sé lokið. Þá benda stefndu á, að áætlanir skipstjóra v/s Leós í björgunarsamningnum um aflatjón skipsins gefi til kynna, að samningurinn muni hafa verið gerður á röngum forsendum, þar sem þær keyri úr hófi fram, en sumarið 1947 hafi síldveiði verið mjög lítil fyrir Norðurlandi. Loks mótmæla stefndu bótum til stefnanda fyrir skemmdir á nótabát.

Fallast verður á það hjá stefnendum, að hjálp sú, sem lýst er hér að framan, falli undir björgun. E/s Carolia var strandað á hættulegum stað og því statt í neyð. Nauðsynlegt var vegna staðhátta að vinda bráðan bug að því að létta skipið, með því að losa farm þess í sjóinn, þar sem ekki voru fyrir hendi önnur úrræði til þess að ná skipinu á flot, og ekki voru tök á því, eins og á stóð, að bjarga farmi þess í land eða í önnur skip. Þá var nauðsynlegt að v/s Leó dveldist við strandstaðinn vegna skipverja sinna, er í e/s Carolia unnu, svo og til þess að vera til taks að bjarga mönnum úr skipinu, ef veður versnaði og aðstoða skipið, ef það yrði ósjálfbjarga, þegar það losnaði af grunni. Enn verður að telja eðlilegt, að v/s Leó fylgdi e/s Carolia til Skagastrandar, eftir að það losnaði af grunni, þar eð leka varð vart í því, svo sem áður er sagt. Hjálpin tókst vel og bar þann árangur, að e/s Carolia og tæplega helm-

ingur farmsins bjargaðist. Hefur því krafa lögmanns farmeiganda um sýknu ekki við rök að styðjast. Stefnendur hafa í engu hnekkkt áður-greindri yfirmatsgerð. Ber því að leggja hana til grundvallar um verð-mæti e/s Carolia. Námu því hin björguðu verðmæti samtals kr. 581.372.05. Sumarið 1947 var frekar rýr síldveiði fyrir Norðurlandi. Samkvæmt vott-orði Fiskifélags Íslands lagði v/s Leó það sumar afla á land, sem hér segir: 26. júlí 489 mál, 2. ágúst 1037 mál og 16. ágúst 54 mál eða samtals 1580 mál. Þá var heildarafli samkvæmt vottorði sama félags dagana 9.—15. ágúst á síldveiðum við Norðurland 45021 hl. í bræðslu og 13754 tn. í salt. Verð á saltsíld (sic) þetta sumar var kr. 40,30 málið. Stefnendur hafa samþykkt, að stefndu kæmu að kröfu um ónýtingu björgunarsam-ningsins án gagnstefnu, enda er krafan um ógildingu samningsins komin fram í málinu áður en frestur sá, sem tilskilinn er í síðustu málsgrein 232. gr. siglingalaganna, var útrunninn.

Telja verður, að hin umsömdu björgunarlaun séu samkvæmt framan-sögðu bersýnilega ósanngjörn að tiltölu við hjálp þá, sem veitt var. Ber því að ónýta björgunarsamninginn, sem gerður var, meðan hætta vofði yfir, og ákveða stefnendum hæfileg björgunarlaun, enda verður ekki talið, að í stöðumboði skipstjóra felist heimild til að staðfesta áðurgreindan björgunarsamning eða gera slíkan samning eftir að björgun er lokið. Engin gögn hafa verið lögð fram um afla annarra síldveiðiskipa á nálæg-um slóðum við strandstaðinn dagana 6.—8. ágúst, en ætla má, að v/s Leó hafi beðið nokkurt aflatjón vegna tafar frá síldveiðum vegna björg-unarinnar, og eiga stefnendur rétt á að fá það bætt. Hins vegar hafa stefnendur engin gögn lagt fram um það, hvort tjón hafi orðið á nótabát v/s Leós eða þá hversu mikið, enda þótt þeim hefði átt að vera það í lófa lagið. Verða þeim því ekki gegn mótmælum stefndu dæmdar bætur fyrir tjón á nótabátnum.

E/s Carolia var í hættu stödd, þar sem hún var strönduð á Skallarífi. Hins vegar var v/s Leó, nótabátar eða skipshöfn þess ekki lögð í hættu við björgunina. Er þetta er virt svo og verðmæti hins bjargaða og önnur málsatvik, sem lýst er nákvæmlega hér að framan, þykja björgunarlaun til stefnenda í heild, þar með taldar bætur fyrir aflatjón, hæfilega ákveðnar kr. 60.000.00. Ber að dæma stefndu til að greiða stefnendum þá fjárhæð ásamt vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað, er ákveðst kr. 6000.00, og er þar með talinn yfirmatskostnaður. Þá ber að staðfesta framangreinda löghaldsgerð í e/s Carolia og viðurkenna sjó-veðrétt stefnenda í nefndu skipi til tryggingar hinum dæmdu fjárhæðum.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdóms-mönnunum dr. Þorsteini Þorsteinssyni og Jónasi Jónassyni skipstjóra.

Vegna páskaleyfis og þar sem mál þetta er all umfangsmikið, hefur dómur eigi orðið kveðinn upp í því fyrr.

Dómsorð:

Framangreind löghaldsgerð staðfestist.

Stefndu, Gunnar Guðjónsson f. h. eigenda e/s Carolia frá Ystad

og Sveinn Benediktsson f. h. Sildarverksmiðja ríkisins, greiði stefnanda, Þorvaldi Guðjónssyni vegna eigenda v/s Leós II, V.E. 36, kr. 60.000.00 með 6% ársvöxtum frá 19. ágúst 1947 til greiðsludags og kr. 6000.00 í málskostnað. Eiga stefnendur sjóveðrétt í e/s Carolia til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 30. janúar 1953.

Nr. 153/1951. **Anna Friðriksson** (Jón N. Sigurðsson),
 gegn
Halldóri Björnssyni (Sigurgeir Sigurjónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. sept. s. á. Krefst hann sýknu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskosnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir með hliðsjón af því, að áfrýjun málsins var gersamlega ófyrirsýnju, hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Anna Friðriksson, greiði stefnda, Halldóri Björnssyni, kr. 2000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.